

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

06 315

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lögglustjórinn á Norðurlandi vestra

kt. 670814-0330

Suðurgötu 1, 550 Sauðárkrókur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin hefur það hlutverk að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi, stemma stigum við afbrotum og vinna að uppljóstrun brota, greiða götu borgarinnar og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9,1 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 493,2 milljónir og afkoma kr. 48,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 62,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 123,6 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Birgir Jónasson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	481.218.150	436.400.000
Seld þjónusta	3	1.330.576	2.115.140
Framlög og ýmsar tekjur	4	896.084	861.384
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	9.770.882	11.681.056
Tekjur samtals		493.215.692	451.057.580
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	345.638.761	321.558.656
Annar rekstrarkostnaður	6	89.403.704	96.123.394
Afskriftir	7	9.770.882	11.681.056
Gjöld samtals		444.813.347	429.363.106
Afkoma fyrir fjármagnsliði		48.402.345	21.694.474
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	8	(34.384)	(36.789)
		(34.384)	(36.789)
Afkoma ársins		48.367.961	21.657.685

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	9	83.516	233.907
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		40.583.146	40.853.678
Farartæki og vélar		6.319.194	9.051.733
Aðrar eignir		2.881.574	2.885.280
		49.783.914	52.790.691
Fastafjármunir samtals		49.867.430	53.024.598
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	85.073
Tengdir aðilar	11	72.180.371	20.834.257
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		85.073	5.439
Handbært fé		1.427.719	1.061.843
Veltufjármunir samtals		73.693.163	21.986.612
Eignir samtals		123.560.593	75.011.210
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	12	62.101.820	13.733.859
Eigið fé samtals		62.101.820	13.733.859
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	87.805	3.316.952
Viðskiptaskuldir		9.036.439	4.798.950
Ýmsar skammtímaskuldir	13	27.777.036	26.733.074
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	24.557.493	26.428.375
Skuldir samtals		61.458.773	61.277.351
Eigið fé og skuldir samtals		123.560.593	75.011.210
Aðrar upplýsingar			
	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		48.367.961	21.657.685
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	9.770.882	11.681.056
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(9.770.882)	(11.681.056)
		<u>48.367.961</u>	<u>21.657.685</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		5.439	26.034
Tengdir aðilar		(53.288.975)	(18.725.083)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		5.281.451	(2.164.144)
		<u>(48.002.085)</u>	<u>(20.863.193)</u>
		<u>365.876</u>	<u>794.492</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(250.496)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(6.613.714)	(5.741.243)
		<u>(6.613.714)</u>	<u>(5.991.739)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		6.613.714	5.991.739
		<u>6.613.714</u>	<u>5.991.739</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		365.876	794.492
		<u>1.061.843</u>	<u>267.351</u>
		<u>1.427.719</u>	<u>1.061.843</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrning og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisýrning. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggir kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	481.218.150	436.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	9.770.882	11.681.056
	<u>490.989.032</u>	<u>448.081.056</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	444.500.000	0	0	444.500.000
Launabætur	13.900.000	0	0	13.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	22.818.150	0	0	22.818.150
Fjárveiting til tekna	481.218.150	0	0	481.218.150
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(432.850.189)	0	0	(432.850.189)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	48.367.961	0	0	48.367.961

3 Seld þjónusta

Ýmsar þjónustutekjur	1.330.576	2.115.140
	<u>1.330.576</u>	<u>2.115.140</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	861.384
Ýmsar tekjur	896.084	0
	<u>896.084</u>	<u>861.384</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	279.568.615	262.029.109
Orlof, breyting	1.389.574	(523.996)
Launatengd gjöld	63.398.792	58.886.945
Starfsmannakostnaður	1.281.780	1.166.598
	<u>345.638.761</u>	<u>321.558.656</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	22,2	23,2
------------------------------	------	------

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	773.921	310.454
Byggingarvörur, almennar	2.516	48
Byggingarvörur, aðrar	1.184	0
Ýmis tæki og áhöld	1.182.185	1.206.827
Varahlutir og viðhaldsvörur	494.103	547.103
Orkugjafir	7.554.637	6.697.075
Matvæli	4.100.039	4.149.446
Almennar rekstrarvörur	5.948.759	3.244.610
Vörukaup, almenn	20.057.344	16.155.563
Rannsóknarstofuefni	366.400	223.222
Ýmsar sérgreindar vörur	284.522	429.540
Vörukaup, sérgreind	650.922	652.762
Fundir, námskeið, risna	2.086.708	227.087
Ferðir, uppihald	3.493.359	2.542.946
Akstur	17.224.153	16.935.972
Sérfræðiþjónusta	3.627.498	11.383.719
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	113.426	176.462
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	171.676	264.764
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.577.416	2.021.939
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	29.294.236	33.552.889
Samningsbundin kaup og leiga	0	337.350
Afnotagjöld	3.779.916	2.699.513
Leigugjöld	19.209.279	17.224.056
Notkun véla og flutningatækja	89.381	176.144
Verkkaup	5.621.143	12.578.180
Kostnaðarhlutdeild	9.759.117	10.742.573
Tryggingar, lögboðnar	502.815	1.566.390
Opinber gjöld	169.351	162.164
Tilfærslur	270.200	275.810
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	39.401.202	45.762.180
Annar rekstrarkostnaður samtals	89.403.704	96.123.394

Skýringar

	2022	2021
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	6.884.246	6.185.664
Farartæki og vélar	2.732.539	2.732.539
Aðrar eignir	3.706	3.706
Sölutap og úreltar eignir	0	2.602.699
Niðurfærsla óefnislegra eigna	150.391	156.448
	9.770.882	11.681.056

8 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap

Fjármagnskostnaður	900	0
Dráttarvextir	33.484	36.789
	34.384	36.789

31.12.2022 **31.12.2021**

9 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir	83.516	233.907
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2022		469.392
		469.392
Niðurfært 01.01.2022		235.485
Niðurfærsla ársins		150.391
		385.876
Staða 31.12.2022		83.516

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	40.583.146	40.853.678
Farartæki og vélar	6.319.194	9.051.733
Aðrar eignir	2.881.574	2.885.280
	49.783.914	52.790.691

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	58.658.564	21.898.219	2.900.721	83.457.504
Viðbætur á árinu	6.613.714	0	0	6.613.714
	65.272.278	21.898.219	2.900.721	90.071.218
Afskriftir 01.01.2022	17.804.886	12.846.486	15.441	30.666.813
Afskrift ársins	6.884.246	2.732.539	3.706	9.620.491
	24.689.132	15.579.025	19.147	40.287.304
Staða 31.12.2022	40.583.146	6.319.194	2.881.574	49.783.914

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	72.165.155	20.834.257
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	15.216	0
	<u>72.180.371</u>	<u>20.834.257</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	87.805	3.316.952
	<u>87.805</u>	<u>3.316.952</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	13.733.859	(7.191.903)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(731.923)
Afkoma ársins	48.367.961	21.657.685
Jöfnuður 31.12.	<u>62.101.820</u>	<u>13.733.859</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	27.602.185	26.212.611
Önnur ógreidd gjöld	174.851	520.463
	<u>27.777.036</u>	<u>26.733.074</u>

Skýringar

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	49.867.430	53.024.598
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(25.309.937)	(26.596.223)
	<u>24.557.493</u>	<u>26.428.375</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	53.024.598	(26.596.223)	26.428.375
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	7.900.000	7.900.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	6.613.714	(6.613.714)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(9.770.882)	0	(9.770.882)
	<u>49.867.430</u>	<u>(25.309.937)</u>	<u>24.557.493</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 10 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga við Fasteignir ríkisins vegna Suðurgötu 1, Höfðabraut og Hnjúkabyggðar 33. Árlega greiðslur vegna húsaleiga eru um 19 milljónir á ári. Aðrir rekstrar- og þjónustusamningar vegna leigu á lögreglubifreiðum nema árlega um 17,7 mkr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.